



## FJÖLMIÐLANEFND

24. ágúst 2022

**Ákvörðun nr. 5/2022**

### **Viðskiptaboð fyrir áfengi og viðskiptaboð fyrir veðmálastarfsemi í hlaðvarpinu Þungavigtin á Vísi**

#### **I. Málsvik**

##### **1.**

Fjölmiðlanefnd bærust ábendingar í nóvember 2021 þar sem vakin var athygli á því að í hlaðvarpinu Þungavigtin mætti finna auglýsingar fyrir Víking Lite og Coolbet. Með þeim væri brotið gegn ákvæðum laga um fjölmiðla um bann við áfengisauklýsingum og auglýsingum fyrir veðmálastarfsemi. Í kjölfar ábendinganna tók Fjölmiðlanefnd hlaðvarpið til skoðunar.

Hlaðvarpið Þungavigtin er aðgengilegt undir „Tal“ á Vísir.is (hér eftir Vísir). Hægt er að kaupa áskrift að hlaðvarpinu og eru flestir þættir aðeins fyrir áskrifendur. Þó er einn þáttur á viku opin og aðgengilegur öllum án áskriftar og er honum þá jafnframt dreift á Spotify, Apple Podcasts og í gegnum aðrar dreifileiðir. Fyrsti þáttur hlaðvarpsins var gerður aðgengilegur 30. september 2021 og er nýr þáttur gerður aðgengilegur um tvisvar til þrisvar sinnum í viku. Þættir í mynd eru aðeins fyrir áskrifendur. Í kynningu á hlaðvarpinu segir á tal.is/vigtin:

*„Þungavigtin er hlaðvarpsþáttur fyrst og fremst um knattspyrnu og öllu henni tengdri. Hvort sem er innanlands eða utan. Liðsmenn þáttarins þarf vart að kynna fyrir þjóðinni. Skútunni stýrir Rikki G íþróttafréttamaður ásamt Mikael Nikulássyni og Kristjáni Óla Sigurðssyni betur þekktir sem Mike og Höfðinginn.*

*Þættirnir koma út á föstudögum inn á allar helstu veitur þar sem góðir gestir líta við. Fyrir þá allra hörðustu kemur Þungavigtin saman hér á Tal á hverjum mánudegi á og verða þeir þættir aðeins*



## FJÖLMIÐLANEFND

*aðgengilegir áskrifendum. Þar koma Mike, Höfðinginn og Rikki G saman og ræða fótbolta á mannamáli. Auk þess fær Höfðinginn reglulega gesti í Einn á Einn með Höfðingjanum. Eins koma þættir tengdir öðrum íþróttum eins og hand- og körfubolta fyrir áskrifendur. Þættirnir verða ýmist í hljóð og eða myndbandsformi.“*

Í kjölfar ábendinganna tók Fjölmiðlanefnd til athugunar alla opna þætti hlaðvarpsins Þungavigtin sem gerðir voru aðgengilegir sem hljóðskrár frá 30. september til og með 17. desember 2021. Um var að ræða samtals 13 þætti.

Kostendur þeirra þátta sem Fjölmiðlanefnd athugaði voru Fitness Sport, Coca-Cola án sykurs, Víking Lite, Víking Lite Jóla, Víking Lite Lime, Coolbet, Tryggir.is, Nýja Vínbúðin og VOLT/ZYN nikótínþúðar. Ekki voru allir kostendur með frá fyrsta þætti hlaðvarpsins og var stundum mismunandi eftir þáttum hverjir voru sagðir kostendur þeirra. Voru nöfn kostenda yfirleitt lesin upp í upphafi þátta ásamt því að athygli var vakin á vörum þeirra og þjónustu. Inn á milli liða í þáttunum voru kostendur einnig nefndir á nafn.

Í þætti 30. september 2021 má heyra þáttastjórnanda segja eftirfarandi:

**02:00 – Þáttastjórnandi 3:** „Ég ætla að byrja á að þakka kostendum okkar sem eru Coca-Cola Zero, Coke án sykurs, við elskum þann drykk. Svo Víking Lite, það er besti bjórinn í dag.“

Í þætti 1. október 2021 má heyra þáttastjórnanda segja eftirfarandi:

**03:15 – Þáttastjórnandi 1:** „Við erum náttúrulega ekki einir hér drengir. Til þess að þetta verði að veruleika þá þurfum við að sjálfsögðu góða styrktaraðila. ... Við erum með Coke án sykurs og Víking Lite, það er ekkert annað í boði fyrir okkur drengir. Lite og án sykurs.“

Í þætti 7. október 2021 má heyra þáttastjórnanda segja eftirfarandi:

**00:38 – Þáttastjórnandi 1:** „Það er Coca-Cola án sykurs og Víking Lite sem er með okkur.“

Í þætti 22. október 2021 má heyra þáttastjórnendur segja eftirfarandi:

**01:19 – Þáttastjórnandi 1:** „Coke Zero, eða Coca-Cola án sykurs, og Víking Lite eru með okkur og búnir að vera frá byrjun. Þökkum þeim kærlega fyrir það. Nú Coolbet-haustfátalínan, bjóðum þá hjartanlega velkomna til leiks. Coolbet-haustafátalínan, nýju peysurnar strákar, geggjaðar.“



## FJÖLMIÐLANEFND

**Þáttastjórnandi 2:** „Ég fer ekki úr minni. Ég á tvær núna og þarf þriðju. Þær eru bara, ég segi ekki „að eyðileggjast“, því þetta er sterkt. Hrikalega góðar peysur.“

**Þáttastjórnandi 3:** „Þetta eru gæði.“

**Þáttastjórnandi 1:** „Höfðinginn líka með alvöru derhúfu frá Coolbet-haustfatalínunni.“

Í þætti 29. október 2021 má heyra þáttastjórnendur segja eftirfarandi:

**02:28 – Þáttastjórnandi 1:** „Við ætlum að byrja á heimavinnu Höfðingjans í boði Coca-Cola án sykurs og Víking Lite.“

**05:35 - Þáttastjórnandi 1:** „Hendum okkur aðeins í íslenska boltann fyrst við erum hérna að tala um hann. Íslenski boltinn í boði Coolbet-haustfatalínunnar. Alvöru bolur sem Höfðinginn mætti í hérna í stúdíóið. Þetta er vínrauða línan?“

**Þáttastjórnandi 3:** „Já, já, vínrautt fer mér vel segja stelpurnar.“

Í þætti 5. nóvember 2021 má heyra þáttastjórnendur segja eftirfarandi:

**01:21 – Þáttastjórnandi 1:** „Við ætlum að byrja á því að þakka þeim sem eru hérna alltaf með okkur. Við ætlum að byrja á að þakka Coca-Cola án sykurs og Víking Lite kærlega fyrir það. Jóla Víking Lite kominn í helstu verslanir, takk fyrir. Íslenskt, já takk.“

**03:11 – Þáttastjórnandi 1:** „Og svo er það að sjálfsgöðu Coolbet-haustfatalínan sem er með okkur og ég er í nýju vínrauðu peysunni.“

**Þáttastjórnandi 3:** „Hún er flott.“

**Þáttastjórnandi 1:** „Já, hún er helvíti góð þessi.“

**Þáttastjórnandi 3:** „Það er víst að koma einhver ... það er sending á leiðinni held ég bara í dag. Ég held maður mæti hérna á mánudaginn í upptökuþátt hjá okkur, live, og þá verður maður í einhverju glænýju dressi og sennilega tveimur kílóum léttari. Eftir helgina.“

**03:41 – Þáttastjórnandi 1:** „Við ætlum að fara af stað og við ætlum að fara í íslenska landsliðið og það er í boði Coca-Cola án sykurs og Víking Lite. Víking Lite Jóla er kominn í verslanir, söluhæsti íslenski jólabjórinn (hvíslar: „Léttöl\*“).“

\*Víkings Lite Jóla er ófáanlegur sem léttöl.

Í þætti 11. nóvember 2021 má heyra þáttastjórnendur segja eftirfarandi:

**02:09 – Þáttastjórnandi 1:** „Víkings Lite Jóla og Coca-Cola án sykurs verið með okkur frá upphafi, þökkum fyrir það. Ég sé að Höfðinginn heldur á einum ísköldum Víking Jóla Lite.“

**Þáttastjórnandi 2:** „Og að klára súkkulaðið hérna en það er bara gott, það er að koma helgi.“



## FJÖLMÍÐLANEFND

**Páttastjórnandi 1:** „Hvað ertu búinn að renna mörgum síðan að Jóla mætti?“

**Páttastjórnandi 3:** „Ja þeir eru einhverjir 5-6 á dag.“

**Páttastjórnandi 2:** „Ef maður er að æfa þá eiga menn þetta skilið. Ekki nema 20 hitaeiningar í dollunni.“

**03:20 – Páttastjórnandi 1:** „Coolbet-haustafatalínan. Ég sá að okkar besti Daði mætti til ykkar á skrifstofuna með nýja sendingu og það var bros á ykkur báðum.“

**Páttastjórnandi 3:** „Heldur betur og maður gat nú ekki annað en glottað út í annað þegar ég var mættur í medium peysuna og Mike þurfti XL.“

**Páttastjórnandi 2:** „Það var reyndar ekki þannig en það var nú troðfullt hús þarna þegar sá meistari mætti og það eru til myndir af því þegar Höfðinginn fór í XL peysuna og það féllu tár að það var ekki XXL út í bíl en þetta reddaðist.“

Í þætti 18. nóvember 2021 má heyra þáttastjórnendur segja eftirfarandi:

**03:59 – Páttastjórnandi 1:** „Höfðinginn, það tálgastr af honum, ég sé það hérna, enda er Höfðinginn að smakka á Víking Lite Jóla hér í stúdíóinu. Þetta er tekið upp um kvöld. Víking Lite Jóla og Coca-Cola án sykurs einnig verið með okkur frá upphafi.“

**04:34 – Páttastjórnandi 1:** „Coolbet-haustafatalínan. Höfðingi, það fer að stytta í vetrarlínuna, en þessi gráa peysa frá Coolbet-haustafatalínunni klæðir þig einstaklega vel.“

**Páttastjórnandi 3:** „Já, já. Gott að Rambó gaf mér tips hérna áðan hvernig ég á að vera með kragann uppi þegar mikið liggur við.“

Í þætti 26. nóvember 2021 má heyra þáttastjórnendur segja eftirfarandi:

**03:03 – Páttastjórnandi 1:** „Víking Lite og Coca-Cola án sykurs verið með okkur frá byrjun. Mike, hvort er það Víking Lite venjulegur á þig eða Víking Lite Lime þegar þú ert svona að gera vel við þig?“

**Páttastjórnandi 2:** „Venjulegur.“

**Páttastjórnandi 1:** „Það er venjulegur.“

**Páttastjórnandi 2:** „Já, já. Engin aukaefni, aukabragðefni á Mike.“

**03:25 – Páttastjórnandi 1:** „Coolbet-vestrarfatalínan dottin í gang með okkur. Mikearinn kominn í alvöru þykka hettupeysu. Bondari, Coolbet peysurnar, hvort er það hetta eða án hettu?“

**Gestur:** „Ég fíla þessa gráu án hettu, mér finnst það eiginlega flottasta peysan.“

**Páttastjórnandi 2:** „Ég verð að viðurkenna það að ég er mun meira fyrir hettuna.“

**Páttastjórnandi 1:** „Þú hefur alltaf verið hettupeysumaður?“



## FJÖLMÍÐLANEFND

**Páttastjórnandi 2:** „Já, þessar nýju peysur, sem eru nú reyndar mjög flottar sem ég var að fá frá Coolbet, þær virðast ekki vera með hettu þannig að drullast í gang og fara að setja hettu á þetta aftur. Ég á tvær hettu Coolbet peysur og þær eru eiginlega báðar bara ónýtar, ég er búinn að nota þær svo mikið.“

Í þætti 3. desember 2021 má heyra þáttastjórnendur segja eftirfarandi:

**03:13 – Páttastjórnandi 1:** „Viking Lite Jóla og Coca-Cola án sykurs með okkur frá upphafi. Viking Lite, Mikeari, á sumrin, ertu eitthvað að vinna með Viking Lite Lime?“

**Páttastjórnandi 2:** „Nei, ég sagði þér um daginn að ég er ekkert fyrir þessi aukabrogð. Ég vil þetta bara hreint og skorið. Viking Lite er bara minn drykkur. Ég tók nokkra í gær yfir leiknum.“

**Páttastjórnandi 1:** „Höfðingi, það er alltaf talað um að þú hafir verið ævintýragjarn í gegnum tíðina, sérstaklega í tilhugalífínu, en þú ert svolítið að vinna með Viking Lite Lime á sumrin?“

**Páttastjórnandi 3:** „Já, og líka á veturna. Ég bara elska svona smá flavour en ég gef gamla skólanum alveg séns líka, það er bara þannig.“

**04:47 – Páttastjórnandi 1:** „Svo er það Coolbet-jólafatalínan. Mikeari, til hamingju, þú varst að tryggja þér splunkunýja jólapeysu. Ég bað þig um að koma með úr öðrum hvorum leiknum hvaða lið myndi pottþétt vinna. Þú sagðir Tottenham og það auðvitað stóðst. Til hamingju, þú ert búinn að tryggja þér jólapeysu frá jólafatalínu Coolbet.“

**Páttastjórnandi 2:** „Já, takk fyrir það.“

**Páttastjórnandi 1:** „Höfðingi, ég ætla að gefa þér líka möguleika á að tryggja þér jólapeysu frá Coolbet-jólafatalínunni. Þú þarft að velja einhvern leik um helgina og þú þarft að velja sigurvegara.“

**Páttastjórnandi 3:** „Já, það er nú ekki flókið. Ég held að strákarnir frá Norwich séu ekki að fara að gera nokkurn skapaðan hlut á móti Tottenham þannig að Tottenham fær að tryggja mér þessa gullfallegu peysu.“

Í þætti 10. desember 2021 má heyra þáttastjórnanda segja eftirfarandi:

**01:35 – Páttastjórnandi 1:** „Coolbet-jólafatalínan með okkur, Coolbet-jólasveinninn, Coolbetmerch.com þar sem Coolbet-jólasveinninn ætlar að gefa úr þessari stórglæsilegu jólafatalínu. Atli Viðar, ég ætla að gleðja þig fyrir að vera hérna sem gestastjórnandi. Ég ætla að gefa þér peysu úr jólafatalínunni. Það eina sem þú þarft að gera, þú þarft að giska á einn öruggan sigurvegara um helgina. Eitthvað lið, má vera hvað sem er. Hvað er bara pottþétt sem er að fara að detta?“

**Gestur:** „Ég held að Manchester United vinni Norwich þannig að ég ætla að setja minn pening þangað svona on the spot.“

**Páttastjórnandi 1:** „Daði, þú skalt taka frá peysu fyrir Atla Viðar, þetta er klárt.“



## FJÖLMIÐLANEFND

**02:22 – Þáttastjórnandi 1:** „Víking Lite og Coca-Cola án sykurs með okkur.“

Í þætti 17. desember 2021 má heyra þáttastjórnendur segja eftirfarandi:

**02:31 – Þáttastjórnandi 1:** „Coolbet-jólafatalínan. Viðar, Mikearinn er að fá jólapeysuna sína í dag, það var verið að tolla gáminn og það er fullt af jólavörum að fara út. Jólapeysa hjá Coolbet-jólafatalínunni. Ég ætla að gefa þér eina Viðar til að taka með þér út. Eina sem þú þarft að segja mér, þú þarft að segja mér einhvern öruggan sigurvegara um helgina. Í einhverjum leik.“

**Gestur:** „Það er erfitt að segja með England út af einhverjum frestunum. Ég segi Bayern er að fara að vinna Wolfsburg í kvöld, það er alveg öruggt sko.“

**Þáttastjórnandi 2:** „Eru þeir á útivelli?“

**Gestur:** „Þeir eru á heimavelli.“

**Þáttastjórnandi 1:** „En þú ætlar að fá jólapeysu og þú segir að Bayern klárar þetta.“

**Gestur:** „Já, þeir klára þetta, það er öruggt.“

**03:38 – Þáttastjórnandi 1:** „Víking Lite og Coca-Cola án sykurs með okkur. Ef þú ætlar að gera vel við þig Viðar, hvort er það Víking Lite eða Víking Lite Lime?“

**Gestur:** „Það er Limearinn.“

**Þáttastjórnandi 1:** „Það er Limearinn, þú ert eins og ég. Mikearinn er gamli skólinn sko, hann er bara í Lite. Það þarf ekkert að flækja það neitt.“

Auk framangreindra tilviki var minnst á Víking Lite, Víking Lite Jóla, Víking Lite Lime og Coolbet oftari í gegnum fyrrgreinda þætti hlaðvarpsins og þá yfirleitt í tengslum við ákveðið umræðuefni, svo sem íslenska boltann eða enska boltann.

## 2.

Þann 6. desember 2021 óskaði Fjölmiðlanefnd m.a. eftir afriti af öllum þáttum Þungavígtarinnar, bæði í mynd og ekki, sem gerðir höfðu verið aðgengilegir áskrifendum hlaðvarpsins. Fékk Fjölmiðlanefnd aðgang að þáttunum 20. desember 2021.

Á tímabilinu 3. október 2021 til og með 4. janúar 2022 athugaði Fjölmiðlanefnd þá 28 þætti sem voru gerðir aðgengilegir áskrifendum Þungavígtarinnar. Í þeim má heyra svipaðar umræður um kostendur hlaðvarpsins og áður hefur verið rakið í umfjöllun um opna þætti hlaðvarpsins. Er vakin athygli á Víking Lite, Víking Lite Jóla, Víking Lite Lime og Coolbet. Sem dæmi má nefna eftirfarandi:



## FJÖLMIÐLANEFND

Í þætti sem gerður var aðgengilegur 22. desember 2021 má heyra þáttastjórnendur segja eftirfarandi:

**01:31 – Þáttastjórnandi 1:** „Hann heitir Daði Laxdal. Vertu velkomin í stúdíóið Daði.“

**Gestur:** „Takk kærlega fyrir.“

**Þáttastjórnandi 1:** „Þetta er líka Mikeari einn af okkar sponsum því að þetta er framkvæmdastjóri Coolbet-jólafatalínunnar.“

**Þáttastjórnandi 2:** „Já, já, maður sér það, hann er í flottasta penthousinu í Vesturbænum og hér er öllu teft og það er ekkert vesen hérna í þessu stúdíói. Hann er bara að gera góða hluti þar, það er ljóst.“

**Þáttastjórnandi 1:** „Daði, þú ert eiginlega bara klökkur eftir desembermánuð og alla þá þátttöku á Coolbetmerch.com þar sem þið voruð að gefa úr jólafatalínunni ykkar, Coolbet.“

**Gestur:** „Já, þetta fór fram úr öllum björtustu vonum. Ég held það hafi verið 650 umsóknir til sveinka þannig að hann var bara sveittur að fara yfir allar þessar umsóknir og shippa þessu út.“

**Þáttastjórnandi 1:** „Það er bara þannig. Ég sá Gillzarann í ákaflega fallegri Coolbet-jólapeysu og Gillzarinn var brosandi, það er bara nákvæmlega þannig.“

Í þætti sem gerður var aðgengilegur 28. desember 2021 má heyra þáttastjórnanda segja eftirfarandi:

**01:42 - Þáttastjórnandi 1:** „Coolbet-jólafatalínan er að klárast. Coolbetmerch.com, kíkið endilega þangað.“

**02:08 – Þáttastjórnandi 1:** „Viking Lite og Coca-Cola Zero að sjálfsögðu með okkur, Coca-Cola án sykurs.“

Í þætti sem gerður var aðgengilegur 4. janúar 2022 má heyra þáttastjórnendur segja eftirfarandi:

**01:15 - Þáttastjórnandi 1:** „Heyrðu við erum að sjálfsögðu eins og áður sagði í boði Viking Lite. Viking Lite, þið getið náð ykkur í hann í næstu verslunum.“

**02:21 - Þáttastjórnandi 1:** „Sömuleiðis með okkur, og búnir að vera með okkur lengi, þá erum við að tala um snillingana í Coolbet. Ja, nú er það nýárslínan, það er nýárslínan Mike og ég sé að þú ert kominn hér í skjannahvítum nýárslínuból.“

**Þáttastjórnandi 2:** „Já, já og var einmitt í Coolbet, nýju Coolbet hettupeysunni minni áðan þegar ég var að taka þetta skemmtilega rölt og hún var að sjálfsögðu rennandi blaut en hún hélt vel.“

Fjölmiðlanefnd athugaði jafnframt tvo þætti hlaðvarpsins sem höfðu verið gerðir aðgengilegir í mynd. Í þætti 8. nóvember 2021 eru tveir þáttastjórnanda í fatnaði merktum með annars vegar



## FJÖLMIÐLANEFND

Coolbet-ísbirninum og hins vegar með nafni Coolbet, slagorði og Coolbet-ísbirninum. Má heyra þáttastjórnendur segja eftirfarandi:

**00:48 – Þáttastjórnandi 1:** „Við erum í boði Coolbet-haustfatalínunnar. Mike, þú ert í svörtu og ég er í vínrauðu. Vínrautt, það er svona eiginlega að gera betri hluti?“

**Þáttastjórnandi 2:** „Já, mér finnst bara þessi vínrauða peysa mjög flott en það fer mér helvíti vel að vera í dökku. Þetta er svo sem ekkert ljóst hjá þér en já, að vera í dökkum klæðum klæðir mig helvíti vel.“

**02:48 – Þáttastjórnandi 1:** „Sömuleiðis Víking Lite með okkur og við ætlum rétt að minna á Víking Lite Jólalabjórinn, hann er kominn í helstu verslanir á landinu.“

Í þætti sem gerður var aðgengilegur 9. desember 2021 eru tveir þáttastjórnenda í fatnaði merktum með Coolbet-ísbirninum. Má heyra þáttastjórnendur segja eftirfarandi:

**02:16 – Þáttastjórnandi 1:** „Coolbet-jólasveinninn með okkur, Coolbet-jólafatalínan er farin af stað. Höfðingi, ef þú ferð inn á Coolbetmerch.com þá getur þú átt von á því að fá fullt gefins úr Coolbet-jólafatalínunni.“

**Þáttastjórnandi 3:** „Já, já. Það er sælla að gefa en þiggja. Ef þú ferð þarna inn þá ertu heldur betur að geta dottið í lukkupottinn.“

**03:17 – Þáttastjórnandi 1:** „Víking Lite Lime með okkur eða Víking Lite Jóla, hvernig sem þið viljið hafa þetta. Fæst í öllum helstu verslunum hér á höfuðborgarsvæðinu og út um allt land.“

## II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

### 1.

Fjölmiðlanefnd samþykkti á fundi sínum þann 2. desember 2021 að óska eftir upplýsingum og sjónarmiðum Sýnar vegna ábendinga sem bárust nefndinni í nóvember 2021 vegna hlaðvarpsins Þungavigtin. Í ábendingunum kom fram að í hlaðvarpinu mætti finna auglýsingar fyrir Víking Lite og Coolbet. Með þeim væri brotið gegn ákvæðum laga um fjölmiðla um bann við áfengisauglýsingum og auglýsingum fyrir veðmálastarfsemi. Í ábendingunum kom fram að hlaðvarpið tilheyrði Sýn. Var sérstaklega bent á tvo þætti hlaðvarpsins sem gerðir voru aðgengilegir 11. og 26. nóvember 2021. Jafnframt fylgdi skjáskot með einni ábendingunni úr





## FJÖLMIÐLANEFND

einum þætti Þungavigtarinnar sem sýndur var í mynd. Má þar sjá einn af stjórnendum þáttanna í peysu merktri Coolbet. Ekki kom fram um hvaða þátt var að ræða eða hvenær hann var sýndur.

Í kjölfar ábendinganna athuguðu starfsmenn Fjölmiðlanefndar nokkra opna þætti hlaðvarpsins Þungavigtin. Kom þá í ljós að svo virtist sem finna mætti í hlaðvarpinu viðskiptaboð fyrir áfengistegundirnar Víking Lite, Víking Lite Jóla og Víking Lite Lime og veðmálasíðuna Coolbet. Í erindi Fjölmiðlanefndar til Sýnar dags. 6. desember 2021 var því óskað eftir upplýsingum og sjónarmiðum vegna ætlaðra brota gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi og bann við viðskiptaboðum fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi í hlaðvarpinu Þungavigtin. Var jafnframt óskað eftir afriti af öllum þáttum hlaðvarpsins, bæði í mynd og ekki, sem gerðir höfðu verið aðgengilegir áskrifendum hlaðvarpsins. Var þess óskað að svör Sýnar og umbeðin afrit myndu berast eigi síðar en 21. desember 2021.

Með tölvupósti dags. 20. desember 2021 bárust svör við erindi Fjölmiðlanefndar frá Sýn. Í þeim svörum var það staðfest að hlaðvarpið Þungavigtin væri á vegum Sýnar. Varðandi ætluð viðskiptaboð fyrir áfengi kom fram í svörum Sýnar að Víking Lite og Víking Lite Jóla væru óáfengar vörutegundir. Þegar af þeirri ástæðu væru viðskiptaboðin ekki brot á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi. Varðandi ætluð viðskiptaboð fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi væri aðeins um viðskiptaboð fyrir fatalínu frá Coolbet að ræða. Umrædd viðskiptaboð fjölluðu að engu leyti um veðmálastarfsemi. Þvert á móti væri í hvert sinn vísað til fatalínu Coolbet. Væri því um að ræða kynningu á fatnaði en ekki veðmálastarfsemi. Var Fjölmiðlanefnd bent á vefsíðuna Coolbetmerch.com fyrir nánari upplýsingar. Í ljósi framangreinds væru viðskiptaboðin því ekki brot gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Í svörum Sýnar var einnig velt upp sjónarmiðum um hæfi nefndarmanna Fjölmiðlanefndar og starfsmanna nefndarinnar til að taka ákvarðanir í málum er varða hlaðvörp þar sem Fjölmiðlanefnd hefði sett á laggirnar sitt eigið hlaðvarp. Að mati Sýnar var það gert án skýrrar lagastoðar og væru allir nefndarmenn Fjölmiðlanefndar orðnir fulltrúar samkeppnisaðila Sýnar þar sem hlaðvarp nefndarinnar keppti við Þungavigtina um hylli neytenda. Með svari Sýnar fylgdi jafnframt aðgangur að öllum þáttum Þungavigtarinnar, bæði í mynd og ekki, sem gerðir höfðu verið aðgengilegir áskrifendum hlaðvarpsins, eins og Fjölmiðlanefnd hafði óskað eftir.

Með tölvupósti dags. 21. desember 2021 sendi Fjölmiðlanefnd fyrirspurn á Coca-Cola Europacific Partners Ísland ehf. um hvort fyrirtækið framleiddi óáfengar útgáfur af Víking Lite og Víking Lite Jóla. Kom fram að athugun Fjölmiðlanefndar hafði leitt í ljós að vörutegundin Víking Lite Lime



## FJÖLMIÐLANEFND

væri fánleg óáfeng en engar upplýsingar var að finna um Víking Lite og Víking Lite Jóla. Síðar sama dag svaraði Coca-Cola Europacific Partners Ísland ehf. fyrirspurn Fjölmiðlanefndar. Í þeim svörum kom fram að fyrirtækið væri ekki með Víking Lite Jóla léttöl í sölu í ár og hefði aldrei framleitt Víking Lite léttöl. Þær vörutegundir væru því ekki fánlegar sem óáfengar.

### 2.

Svör Sýnar voru lögð fyrir Fjölmiðlanefnd á fundi hennar dags. 12. janúar 2022 ásamt svörum Coca-Cola Europacific Partners Ísland ehf. vegna fyrirspurnar um óáfengar vörutegundir. Einnig var minnisblað með yfirliti yfir viðskiptaboð í hlaðvarpinu Þungavigtin lagt fyrir. Að mati nefndarinnar bar umfjöllun í hlaðvarpinu um Coolbet með sér að vera viðskiptaboð fyrir veðmálasíðuna Coolbet og þar með brot gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla sem bannar viðskiptaboð fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi. Jafnframt væri um að ræða viðskiptaboð fyrir áfengi í hlaðvarpinu og þar með brot gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla sem bannar slík viðskiptaboð. Væru áfengistegundirnar Víking Lite og Víking Lite Jóla ekki fánlegar óáfengar, eins og komið hefði fram í svörum Coca-Cola Europacific Partners Ísland ehf., og ekki var tekið fram í þáttum hlaðvarpsins að um óáfenga útgáfu verið að ræða af Víking Lite Lime. Var samþykkt að gefa út frummat í málinu og veita Sýn færi á að koma frekari sjónarmiðum á framfæri vegna ætlaðra brota á reglum um bann við viðskiptaboðum fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi og bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi.

Fjölmiðlanefnd sendi Sýn frummat sitt í málinu dags. 10. febrúar 2022. Þar fór Fjölmiðlanefnd yfir helstu málsatvik og þau lagasjónarmið sem máli skipta við mat á því hvort Sýn hafi brotið gegn reglum VI. kafla laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi og bann við viðskiptaboðum fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi. Fram kom að Fjölmiðlanefnd vildi veita Sýn færi á að koma á framfæri sjónarmiðum sem kynnu að skipta máli við mat á því hvort brotið hafi verið gegn framangreindum lagareglum. Bent var á að frummatið fæli ekki í sér endanlega afstöðu nefndarinnar. Þær ályktanir sem settar væru fram kynnu að breytast gæfu athugasemdir og skýringar Sýnar tilefni til þess. Þess var óskað að athugasemdir og sjónarmið Sýnar bærust Fjölmiðlanefnd eigi síðar en 25. febrúar 2022.

Svör Sýnar við frummati Fjölmiðlanefndar bárust 25. febrúar 2022. Í þeim kom fram að Sýn teldi ekki rétt á þessu stigi að setja fram efnisleg andmæli við frummatið þar sem félagið bæri ekki ábyrgð á efni Þungavigtarinnar. Hlaðvarpinu væri dreift á slóðinni Tal.is, eins og mörgum öðrum



## FJÖLMIÐLANEFND

hlaðvörpum, og væri þar aðeins á vegum Sýnar „sem dreifiveitu (fjarskipti), en ekki sem fjölmiðlaveitu“. Sýn leggi jafnframt til aðstöðu. Þungavigtin væri hvorki skráð sem leyfisskyldur né skráningarskyldur miðill undir skráningu Sýnar á vefsíðu Fjölmiðlanefndar. Sýn hafi ekkert ritstjórnarlegt vald yfir því sem færi fram í hlaðvarpinu og efnið lúti ekki ritstjórn Sýnar. Félagið hafi ekki stjórn á vali eða skipan þess efnis sem þar væri miðlað. Sýn hafi þannig ekki forræði yfir hljóð- og myndefni hlaðvarpsins eða þjónustunni að öðru leyti. Af þeim sökum væri hlaðvarpið ekki fjölmiðill á vegum Sýnar. Af því leiddi jafnframt að Fjölmiðlanefnd hefði ekki lögsögu yfir Sýn hvað þetta varðaði, enda hafi hugtakið ritstjórn úrslitabýðingu við ákvörðun um hvort hlutaðeigandi falli undir lögsögu nefndarinnar, sbr. skýringar við hugtakið í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla. Að lokum kom fram í svörum Sýnar að félagið áskildi sér rétt til að koma á framfæri frekari sjónarmiðum á síðari stigum málsins ef tilefni gæfi til.

### 3.

Svör Sýnar voru lögð fyrir Fjölmiðlanefnd á fundi hennar dags. 8. mars 2022. Var samþykkt að óska eftir frekari upplýsingum frá Sýn með vísan til 1. mgr. 12. gr. laga um fjölmiðla. Með erindi dags. 17. mars 2022 óskaði Fjölmiðlanefnd eftir eftirfarandi upplýsingum:

- Hvort Sýn hefði upplýsingar um fjölmiðlaveitu hlaðvarpsins Þungavigtin.
- Hvort Sýn hefði upplýsingar um ábyrgðarmann hlaðvarpsins Þungavigtin.
- Hvort áskriftargjöld að hlaðvarpinu rynnu að hluta eða heild til Sýnar. Ef svo væri ekki, hvort Sýn hefði upplýsingar um það til hvaða aðila áskriftargjöld að Þungavigtinni, og öðrum áskriftarhlaðvörpum úr smiðju Tals, rynnu.
- Hvort Sýn liti svo á að félagið væri ekki fjölmiðlaveita hlaðvarpanna Blökastið og Harmageddon sem einnig mætti finna undir Tal á Vísi, og ef svo væri hvort Sýn hefði upplýsingar um fjölmiðlaveitur og ábyrgðarmenn hlaðvarpanna.

Auk fyrrgreindra upplýsinga óskaði Fjölmiðlanefnd eftir skýringum frá Sýn í ljósi fyrri svara félagsins dags. 20. desember 2021. Var óskað eftir upplýsingum um það hvers vegna hafi ekki komið fram í þeim svörum að erindinu væri ranglega beint að Sýn sem fjölmiðlaveitu hlaðvarpsins, líkt og gert hefði verið í erindi Sýnar til nefndarinnar rúmum tveimur mánuðum seinna. Einnig var óskað eftir upplýsingum um það af hverju Sýn hefði í svörum sínum dags. 20. desember 2021 tekið afstöðu til erindis nefndarinnar dags. 6. desember 2021 varðandi ætluð brot félagsins gegn lögum um fjölmiðla ef félagið væri ekki fjölmiðlaveita Þungavigtarinnar og teldi sig ekki bera ábyrgð á



## FJÖLMIÐLANEFND

efni þess, sbr. svarerindi Sýnar til nefndarinnar þann 25. febrúar 2022. Þess var óskað að upplýsingar og skýringar Sýnar bærust eigi síðar en 31. mars 2022.

Á fundi Fjölmiðlanefndar dags. 8. mars 2022 var einnig samþykkt að senda fyrirspurn á Ríkharð Óskar Guðnason, einn þáttastjórnenda Þungavígtarinnar, og óska eftir því hvort hann hefði upplýsingar um hver væri fjölmiðlaveita hlaðvarpsins Þungavígtin, hver bæri ábyrgð á efni þess og til hvaða aðila áskriftargjöld rynnu. Var erindið sent dags. 17. mars 2022 og óskað eftir því að svör myndu berast eigi síðar en 31. mars 2022.

Svör Sýnar við erindi Fjölmiðlanefndar bárust 31. mars 2022. Í svörum félagsins var vísað til fyrri svara dags. 25. febrúar 2022 þar sem kom fram það mat Sýnar að félagið félli ekki undir lögsögu Fjölmiðlanefndar í tengslum við hlaðvarpið Þungavígtin enda hafi nefndin ekki eftirlit með starfsemi Sýnar sem dreifiveitu fjarskipta. Að mati Sýnar ætti félagið einfaldlega ekki aðild að málinu. Af sömu ástæðu væri um valdþurrð að ræða af hálfu Fjölmiðlanefndar gagnvart Sýn í þessu tiltekna máli. Kom fram í svörum Sýnar að eins og á standi bæri félaginu engin skylda til að veita frekari upplýsingar en þegar hafi verið veittar. Rannsóknarheimild 1. mgr. 12. gr. laga um fjölmiðla lúti aðeins að starfsemi Sýnar sem fjölmiðlaveitu en ekki dreifiveitu fjarskipta. Fjölmiðlanefnd hafi ekki skorið úr um valdheimildir sínar gagnvart Sýn í málinu og áskildi félagið sér rétt til að bera slíka ákvörðun undir dómstóla ef til kæmi. Í ljósi framangreinds hefði Sýn ekki forsendur til veita þær upplýsingar og svör sem Fjölmiðlanefnd óskaði eftir og vörðuðu hlaðvarpið sérstaklega. Varðandi beiðni nefndarinnar um skýringar vegna fyrri svara Sýnar kom fram að félagið kostaði öllu jöfnu kapps um að svara erindum sem að því væri beint. Við nánari skoðun hafi komið í ljós að á fyrri stigum hefði ekki verið byggt á þeirri málsástæðu að erindinu væri ranglega beint að Sýn og að Fjölmiðlanefnd hefði ekki lögsögu í málinu. Í stjórnisýslurétti skipti engu máli á hvaða stigi málsmeðferðar slíkri málsástæðu væri teft fram. Að lokum áskildi Sýn sér rétt til að koma á framfæri frekari sjónarmiðum á síðari stigum málsins ef tilefni gæfi til.

### 4.

Þann 1. apríl 2022 svaraði Fjölmiðlanefnd erindi Sýnar dags. 31. mars 2022. Ítrekaði nefndin að erindi hennar dags. 17. mars 2022 snerti Sýn sem fjölmiðlaveitu efnis Þungavígtarinnar en ekki dreifiveitu fjarskipta. Vísaði Fjölmiðlanefnd til áskriftarskilmála Tals á Vísi en að mati nefndarinnar virtist, út frá orðalagi skilmálanna, Sýn vera sá aðili sem áskrifendur hlaðvarpa, sem byðu upp á áskrift og væru á vegum/úr smiðju Tals, færu í viðskipti við. Virtist samningssamband stofnast milli áskrifenda og Sýnar. Félagið virtist því veita þá þjónustu sem áskrifendur greiða fyrir



## FJÖLMIÐLANEFND

og áskriftargjöld virtust fara til félagsins, sbr. orðalag skilmálanna. Þjónustan sem um ræddi teldist til hljóðmiðlunar eftir pöntun samkvæmt lögum um fjölmiðla. Samkvæmt skilgreiningu laganna væri það þjónusta sem fjölmiðlaveita byði án tillits til þess viðtækis sem notað væri til móttöku útsendingarinnar og án tillits til þess hvort greiða þyrfti fyrir efnið þannig að notandi gæti hlustað á dagskrárliði í heild eða að hluta þegar hann svo kysi og að sérstakri beiðni hans á grundvelli efnisskrár fjölmiðlaveitu. Fjölmiðlanefnd gæti ekki tekið undir það að þessi starfsemi Sýnar væri ekki á vegum félagsins sem fjölmiðlaveitu þegar þjónustan sem um ræddi væri hljóðmiðlun eftir pöntun. Ítrekaði Fjölmiðlanefnd því erindi sitt frá 17. mars 2022 og var þess óskað að svör bærust eigi síðar en 5. apríl 2022.

Svör Sýnar við erindi Fjölmiðlanefndar bárust 5. apríl 2022. Kom fram að svo virtist sem misskilnings gætti í afstöðu Fjölmiðlanefndar í erindi hennar dags. 1. apríl 2022. Hægt væri að nálgast opna þætti Þungavigtarinnar á öllum helstu streymisveitum, t.d. Spotify, Apple Podcasts og Podtail. Umræddar veitur væru því dreifiveitur Þungavigtarinnar rétt eins og Tal.is. Á Tal.is væri að finna fjölmörg íslensk hlaðvörp auk Þungavigtarinnar og gæti Sýn augljóslega ekki borið ábyrgð á efni þeirra, svo sem efni hlaðvarpsins „Í ljósi sögunnar“. Í því ákvæði laga um fjölmiðla sem Fjölmiðlanefnd vísaði til í erindi sínu dags. 1. apríl 2022 væri sérstaklega tekið fram að ekki væri gerður greinarmunur á því hvort greiða þurfi fyrir efni hlutaðeigandi streymisveitu þegar hljóðmiðlun eftir pöntun væri skilgreind. Af þeim sökum réðu áskriftarskilmálar Tal.is engum úrslitum. Hvað Þungavigtina varðaði væri samningssamband við endanotendur ólíkt eftir því hvaða veita streymdi efni hlaðvarpsins. Samningssambandið væri augljóslega ekki við Sýn þegar efninu væri streymt á t.d. Spotify. Þegar samningssambandið væri við Sýn væri það við félagið sem dreifiveitu fjarskipta. Þá væri ranglega á því byggt í erindi Fjölmiðlanefndar að áskriftargjöld, þegar þau ættu við, rynnu óskipt til Sýnar. Að lokum vísaði Sýn í svörum sínum til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og óskaði eftir upplýsingum um það hvort Fjölmiðlanefnd hefði beint hliðstæðri fyrirspurn að öðrum dreifiveitum Þungavigtarinnar en Tal.is, s.s. Spotify, Apple Podcasts og Podtail. Að öðru leyti væru fyrri sjónarmið Sýnar áréttuð og ítrekuð.

### 5.

Svör Sýnar dags. 31. mars og 5. apríl 2022 voru lögð fyrir Fjölmiðlanefnd á fundi hennar dags. 6. apríl 2022. Var samþykkt að senda fyrirspurnir á þau fyrirtæki sem auglýsa í Þungavigtinni og óska eftir upplýsingum um til hvaða aðila greiðslur eða annað endurgjald færi vegna viðskiptaboðanna. Á fundi Fjölmiðlanefndar var jafnframt upplýst að engin svör hefðu borist frá þáttastjórnanda Þungavigtarinnar við erindi Fjölmiðlanefndar dags. 8. mars 2022.



## FJÖLMIÐLANEFND

Með erindum dags. 5. maí 2022 til Coca-Cola Europacific Partners Ísland ehf., Craft Burger Kitchen ehf., Nóa Sírius hf. og Trygginga og ráðgjafar ehf. óskaði Fjölmiðlanefnd eftir fyrrgreindum upplýsingum. Var vinsamlega óskað eftir því að svör bærust eigi síðar en 24. maí 2022.

Þann 6. maí 2022 bárust svör frá Craft Burger Kitchen ehf. Kom fram að fyrirtækið hafi gert auglýsingasamning við Sýn vegna kostunar hlaðvarpsins Þungavigtin. Greitt væri fyrir viðskiptaboðin mánaðarlega og væri það Sýn sem sendi reikninga og kröfu til Craft Burger Kitchen ehf. vegna þeirra. Fjölmiðlanefnd óskaði eftir afriti af umræddum reikningum en engin svör bárust.

Þann 19. og 20. maí 2022 bárust svör frá Nóa Sírius hf. en í þeim kom fram að fyrirtækið hafi gert einfaldan auglýsinga/kostunarsamning við Sýn vegna viðskiptaboða í Þungavigtinni. Greiddi fyrirtækið reikninga frá Sýn mánaðarlega. Fjölmiðlanefnd óskaði eftir afriti af umræddum auglýsinga/kostunarsamningi Nóa Sírius hf. við Sýn en fékk þau svör að ekki hafi verið gerður formlegur, skriflegur samningur. Samkomulag hafi verið gert í gegnum tölvupóst. Í kjölfarið áframsendi Nói Sírius hf. umrædd tölvupóstssamskipti við þáttastjórnanda Þungavigtarinnar og afrit af reikningi sem gefinn var út af Sýn 30. apríl 2022, vegna sölu viðskiptaboða í Þungavigtinni. Bárust þær upplýsingar 31. maí 2022.

Á fundi Fjölmiðlanefndar dags. 25. maí 2022 voru svör Craft Burger Kitchen ehf. og Nóa Sírius ehf. lögð fyrir. Var samþykkt að ítreka beiðni Fjölmiðlanefndar um upplýsingar við Coca-Cola Europacific Partners Ísland ehf. og Tryggingar og ráðgjöf ehf.

Þann 2. júní 2022 bárust svör frá Coca-Cola Europacific Partners Ísland ehf. Með þeim fylgdu afrit af sex reikningum sem fyrirtækinu hafði borist frá Sýn vegna viðskiptaboða í Þungavigtinni. Kom fram að ekki hafi verið gerður skriflegur samningur við Sýn og að engar aðrar greiðslur eða endurgjald hafi verið innt af hendi vegna viðskiptaboðanna. Umræddir reikningar voru dagsettir frá október 2021 til apríl 2022 og voru þeir allir gefnir út af Sýn, vegna sölu viðskiptaboða í Þungavigtinni. Fjölmiðlanefnd bárust engin svör frá Tryggingum og ráðgjöf ehf.

Á fundi Fjölmiðlanefndar dags. 28. júní 2022 voru svör Coca-Cola Europacific Partners Ísland ehf. lögð fyrir ásamt afriti af reikningum frá Sýn til fyrirtækisins og Nóa Sírius hf. Jafnframt voru lögð fyrir drög að uppfærðu frummati nefndarinnar vegna svara þeirra fyrirtækja sem auglýsa í Þungavigtinni en frummatið var upphaflega sent félaginu 10. febrúar 2022. Var samþykkt að senda uppfærða frummatið til Sýnar og veita félaginu færi á að koma á framfæri frekari sjónarmiðum og





## FJÖLMIÐLANEFND

athugasemdum vegna ætlaðra brota gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Líkt og í upphaflegu frummati var tekið fram að frummatið fæli ekki í sér endanlega afstöðu nefndarinnar. Þær ályktanir sem settar væru fram kynnu að breytast gæfu athugasemdir og skýringar Sýnar tilefni til þess. Þess var óskað að athugasemdir og sjónarmið Sýnar bærust Fjölmiðlanefnd eigi síðar en 5. ágúst 2022.

### 6.

Svör Sýnar við uppfærðu frummati Fjölmiðlanefndar bárust 5. ágúst 2022. Í þeim var alfarið vísað til fyrri svara félagsins varðandi ábyrgð á efni Þungavigtarinnar. Varðandi meint viðskiptaboð fyrir áfengi var jafnframt vísað til fyrri svara. Kom fram að þáttastjórnendur hafi talið að Víking Lite og Víking Lite Jóla væru fáanlegir óáfengir, rétt eins og Víking Lite Lime. Þeir hafi verið í góðri trú um að ekki hafi verið um viðskiptaboð fyrir áfengi að ræða og af þeirri ástæðu yrði að telja það óþarft að mati Sýnar að beita viðurlögum vegna þessa. Varðandi Coolbet var frummati Fjölmiðlanefndar mótmælt hvað varðar meint viðskiptaboð fyrir veðmálastarfsemi. Einungis væri verið að vekja athygli á fatalínu Coolbet og vísaði Sýn til fyrri svara félagsins. Sýn benti á að ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla hefði að geyma refsikennd viðurlög. Samkvæmt dómaframkvæmd væri gerð krafa um skýrleika slíkra heimilda þegar svo standi á. Einnig væri það viðurkennd lögskýringaraðferð að skýra refsikennd lagaákvæði þröngt og allan vafa einstaklingum og lögaðilum í hag. Ef viðskiptaboð um fatalínu undir sama vörumerki og veðmálastarfsemi ættu að vera bönnuð hefði löggjafinn þurft að taka sérstaklega á því þannig að einstaklingar og lögaðilar gætu gert sér grein fyrir að ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla ætti einnig við um slík viðskiptaboð. Því væri ekki fyrir að fara í ákvæðinu heldur kæmi einungis fram að viðskiptaboð fyrir veðmálastarfsemi væru óheimil. Löggjafinn hefði þurft að taka fram að hvers kyns viðskiptaboð tengd vörumerkjum um veðmálastarfsemi væru bönnuð og að þær takmarkanir sem tilgreindar væru í lögum um fjölmiðla giltu um alla vöru og þjónustu sem tengdust slíkum vörumerkjum. Því til samanburðar vísaði Sýn til ákvæða í lögum um tóbaksvarnir. Að mati Sýnar væri 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla því ekki nægilega skýr til að geta talist viðhlítandi bannákvæði og þaðan af síður viðhlítandi refsheimild eins og málið stæði.



## FJÖLMIÐLANEFND

### III. Ábyrgð á efni Þungavigtarinnar

#### 1.

Við meðferð málsins hjá Fjölmiðlanefnd hefur Sýn borið fyrir sig að félagið sé ekki fjölmiðlaveita Þungavigtarinnar heldur aðeins dreifiveita, líkt og Spotify, Apple Podcasts og Podtail. Það beri því ekki ábyrgð á efni hlaðvarpsins og sé málinu ranglega beint að Sýn. Hlaðvarpið sé eitt af mörgum öðrum sem dreift er á slóðinni Tal.is og geti Sýn augljóslega ekki borið ábyrgð á efni þeirra. Þungavigtin sé þar aðeins á vegum Sýnar „sem dreifiveitu (fjarskipti), en ekki sem fjölmiðlaveitu“. Sýn leggi jafnframt til aðstöðu. Samningssamband áskrifenda Þungavigtarinnar sé við Sýn sem dreifiveitu fjarskipta. Þungavigtin sé hvorki skráð sem leyfisskyldur né skráningarskyldur miðill undir skráningu Sýnar á vefsíðu Fjölmiðlanefndar. Sýn hafi ekkert ritstjórnarlegt vald yfir því sem fari fram í hlaðvarpinu og efnið lúti ekki ritstjórn Sýnar. Félagið hafi ekki stjórn á vali eða skipan þess efnis sem þar er miðlað. Sýn hafi þannig ekki forræði yfir hljóð- og myndmiðlunarefni hlaðvarpsins eða þjónustunni að öðru leyti. Af þeim sökum sé hlaðvarpið ekki fjölmiðill á vegum Sýnar. Af því leiði jafnframt að Fjölmiðlanefnd hafi ekki lögsögu yfir Sýn hvað þetta varðar, enda hafi hugtakið ritstjórn úrslitapýðingu við ákvörðun um hvort hlutaðeigandi falli undir lögsögu nefndarinnar, sbr. skýringar við hugtakið í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla.

#### 2.

Fjölmiðlanefnd getur ekki tekið undir þau sjónarmið Sýnar að félagið sé aðeins dreifiveita hlaðvarpsins Þungavigtin. Að mati nefndarinnar er Þungavigtin hluti af starfsemi Sýnar sem fjölmiðlaveitu og ber félagið ábyrgð á efni þess. Um er að ræða efni sem telst annars vegar til hljóðmiðlunar eftir pöntun og hins vegar til myndmiðlunar eftir pöntun í skilningi laga um fjölmiðla, sbr. 25. og 30. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, eftir því hvort þáttum Þungavigtarinnar er miðlað í mynd eða ekki. Efninu er dreift á Tal.is sem er hluti af fjölmiðlinum Vísí sem Sýn starfrækir, sbr. t.d. að efst á vefslóðinni birtist borði með vörumerki Vísís sem hlekkjar beint á heimasíðu Vísís. Þættir Þungavigtarinnar í mynd eru aðeins gerðir aðgengilegir á Tal.is. Undir Tal.is er vissulega að finna fjölda hlaðvarpa sem miðla efni sem Sýn sem fjölmiðlaveita ber ekki ábyrgð á og er aðeins dreift þar af félaginu. Viðskiptasamband Sýnar við kaupendur viðskiptaboða í Þungavigtinni styður hins vegar þá ályktun að Sýn sé ekki aðeins dreifiveita efnisins, eins og félagið heldur fram, heldur beri ábyrgð á því sem fjölmiðlaveita. Þáttastjórnendur Þungavigtarinnar virðast hafa samband við kaupendur viðskiptaboðanna fyrir hönd Sýnar, ef horft er til samskipta við Nóa Síríus hf., með hagsmuni félagsins að leiðarljósi. Í kjölfarið gefur Sýn út





## FJÖLMIÐLANEFND

reikninga vegna viðskiptaboða í Þungavigtinni sem greiddir eru mánaðarlega á meðan á viðskiptasambandinu stendur. Einnig er vert að horfa til þess að aðal þáttastjórnandi Þungavigtarinnar er jafnframt starfsmaður Sýnar. Ásamt því að stýra Þungavigtinni er hann m.a. einn þáttastjórnenda útvarpsþáttarins Brennslunnar á FM957, íþróttafréttamaður fyrir fréttastofu Stöðvar 2 og einn af stjórnendum sjónvarpsþáttarins Stúkan á Stöð 2 Sport.

Við mat á því hvort Sýn beri ábyrgð á efni hlaðvarpsins Þungavigtin hefur ekki þýðingu hvort Þungavigtin er skráður fjölmiðill á grundvelli 14. gr. laga um fjölmiðla. Samkvæmt lögnum er það á ábyrgð fjölmiðlaveitna að skrá fjölmiðla á sínum vegum, sbr. 14. gr., uppfylli þeir á annað borð skilyrði þess að teljast fjölmiðlar samkvæmt skilgreiningu þess hugtaks, sbr. 13. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Skráning fjölmiðla er þó ekki forsenda þess að fjölmiðlaveitur geti þurft að sæta ábyrgð vegna hugsanlegra ólögmatra viðskiptaboða í fjölmiðlum. Þannig geta fjölmiðlaveitur ekki vikið sér undan lögnum með því einu að sinna ekki skráningarskyldunni.

Sýn hefur vakið athygli á því að félagið hafi ekkert ritstjórnarlegt vald yfir því sem fer fram í hlaðvarpinu Þungavigtin og efnið lúti ekki ritstjórn Sýnar. Félagið hafi ekki stjórn á vali eða skipan þess efnis sem þar er miðlað. Sýn hafi þannig ekki forræði yfir hljóð- og myndmiðlunarefni hlaðvarpsins eða þjónustunni að öðru leyti. Framangreint fyrirkomulag raskar ekki ábyrgð Sýnar samkvæmt lögum um fjölmiðla sem fjölmiðlaveita Þungavigtarinnar, sbr. 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla. Ritstjórnarleg ábyrgð Sýnar á grundvelli laganna verður ekki yfirfærð á aðra utanaðkomandi aðila. Það er á ábyrgð fjölmiðlaveitunnar Sýnar að gæta að því að viðskiptaboð í fjölmiðlum á hennar vegum séu í samræmi við lög. Þetta á sér í lagi við ef um er að ræða viðskiptaboð sem eru óheimil, sbr. 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla.

Að öllu framangreindu virtu er það mat Fjölmiðlanefndar að Þungavigtin sé hljóð- og myndmiðlunarefni eftir pöntun sem fjölmiðlaveitan Sýn ber ábyrgð á.

### **IV. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar**

#### **1.**

Hugtakið viðskiptaboð er skýrt í 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Þar segir að viðskiptaboð séu texti, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljast m.a.



## FJÖLMIÐLANEFND

auglýsingar, kostun og vöruinnsetning. Með öðru endurgjaldi er t.d. átt við það þegar greitt er fyrir viðskiptaboð með vörunni sjálfri eða þjónustu.

Í 1. málsl. 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla segir að viðskiptaboð og fjarkaup fyrir áfengi og tóbak séu óheimil. Þá eru gerðar þær kröfur í 3. málsl. 4. mgr. 37. gr. laganna að fullyrðingar sem fram komi í viðskiptaboðum og fjarkaupainnskotum fyrir óáfengar drykkjarvörur þurfi að vera hægt að færa sönnur á. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla segir að markmið reglu 4. mgr. 37. gr. sé meðal annars að vernda neytendur og takmarka neyslu á tóbaksvörum og áfengi. Þannig sé tilgangur ákvæðisins öðru fremur að stuðla að bættu heilsufari almennings. Þá kemur einnig fram í greinargerðinni að ákvæði 3. málsl. 4. mgr. 37. gr. sé sett fram til að taka af öll tvímæli um að þær óáfengu drykkjarvörur sem verið er að auglýsa séu sannanlega á markaði fyrir neytendur. Einungis sé heimilt að auglýsa drykki sem hafi minna en 2,25% áfengisinnihald.

Jafnframt segir í 1. málsl. 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla að óheimil séu viðskiptaboð og fjarkaup fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi. Um starfrækslu happdrættis gilda lög um happdrætti nr. 38/2005. Þá gilda sérlög um starfsemi getrauna, sbr. lög nr. 59/1972, og um talnagetraunir (lottó), sbr. lög nr. 26/1986. Jafnframt gilda sérlög um einstök happdrætti, svo sem lög nr. 13/1973 um Happdrætti Háskóla Íslands. Í athugasemdum við 37. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla segir að meginþættir happdrættislöggjafarinnar feli það í sér að hér á landi mega þeir einir reka happdrættis- og veðmálastarfsemi sem til þess hafi sérstakt leyfi. Samkvæmt b-lið 1. mgr. 11. gr. laga um happdrætti varðar það sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður af ásetningi eða stórfelldu gáleysi auglýsir, kynnir eða miðlar hvers konar upplýsingum um happdrætti sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir samkvæmt lögnum eða uppfyllir ekki skilyrði laganna, óháð því hvort starfsemi þess er rekin héraendis eða erlendis. Í athugasemdunum kemur enn fremur fram að það muni vera óumdeilt að eftirliti og refsivörslu með ólögumatri happdrættisstarfsemi sé ábótavant. Það væri því samdóma álit þeirra sem á þessu sviði starfa að þörf úrbót fælist í því að eftirlit hér að lútandi yrði í höndum Fjölmiðlanefndar að því er tekur til viðskiptaboða og fjarkaupa þar sem um óheimila happdrættis- og veðmálastarfsemi er að ræða.

## 2.

Eins og áður hefur komið fram athugaði Fjölmiðlanefnd opna þætti hlaðvarpsins Þungavigtin sem gerðir voru aðgengilegir frá 30. september til og með 17. desember 2021. Jafnframt athugaði nefndin læsta þætti á tímabilinu 3. október 2021 til og með 4. janúar 2022 og tvo þætti sem gerðir



## FJÖLMIÐLANEFND

voru aðgengilegir í mynd. Sérstök athygli var vakin á og rætt um Víking Lite í öllum þáttum nema tveimur ásamt Víking Lite Jóla og/eða Víking Lite Lime. Hefur hlaðvarpið verið kostað af Víking Lite frá upphafi og kemur það margoft fram í þáttunum. Framleiðandi Víking Lite, Víking Lite Jóla og Víking Lite Lime er Víking Brugghús sem er í eigu Coca-Cola Europacific Partners Ísland ehf.

Í svörum Sýnar dags. 20. desember 2021 til Fjölmiðlanefndar hélt fyrirtækið því fram að Víking Lite og Víking Lite Jóla væru óáfengar vörutegundir. Þegar af þeirri ástæðu væru viðskiptaboð fyrir þær vörutegundir ekki brot gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi. Svipuð sjónarmið komu fram í svörum Sýnar dags. 5. ágúst 2022 þar sem sagði að þáttastjórnendur hefðu verið í góðri trú um að ekki væri um viðskiptaboð fyrir áfengi að ræða. Fjölmiðlanefnd hafði veitt því athygli að Víking Lite Lime væri fánlegur óáfengur en ekki kom fram í hlaðvarpinu að um óáfenga útgáfu þeirrar vörutegundar væri að ræða. Hins vegar eru vörutegundirnar Víking Lite og Víking Lite Jóla ófánlegar í útgáfum sem hafa 2,25% áfengisinnihald eða lægra eins og Fjölmiðlanefnd fékk staðfest hjá Coca-Cola Europacific Partners Ísland ehf. í kjölfar fyrirspurnar nefndarinnar.

Af framangreindu leiðir að viðskiptaboð fyrir vörutegundirnar Víking Lite, Víking Lite Jóla og Víking Lite Lime í hlaðvarpinu Þungavigtin teljast til viðskiptaboða fyrir áfengi en viðskiptaboð og fjarkaup fyrir áfengi eru óheimil, sbr. 1. málsl. 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla.

### 3.

Í opnum þætti Þungavigtarinnar sem gerður var aðgengilegur 22. október 2021 var tilkynnt að Coolbet hefði bæst við sem kostandi hlaðvarpsins. Í öllum þáttum nema einum sem Fjölmiðlanefnd athugaði eftir það og til og með 4. janúar 2022 má heyra þáttastjórnendur ræða sín á milli og vekja athygli á Coolbet undir þeim lið þáttarins þar sem kostendur eru taldir upp. Var það gert undir því yfirskeyni að um „fatalínu“ væri að ræða, þ.e. „Coolbet-haustfatalínan“, „Coolbet-vetrarfatalínan“, „Coolbet-jólafatalínan“ og „Coolbet-nýársfatalínan“. Í þeim þáttum sem gerðir voru aðgengilegir í mynd má sjá þáttastjórnendur í peysum merktum Coolbet. Er gestum, og þáttastjórnendum sjálfum, stundum gefinn kostur á að vinna fríar peysur með því að giska á einn öruggan sigurvegara í t.d. komandi knattspyrnuleikjum. Í nokkrum þáttum hlaðvarpsins er einnig minnst á vefsíðuna Coolbetmerch.com en þar var, í desember 2021, hægt að biðja „Jólasvein Coolbet“ um að gefa sér peysu, bol eða bolla úr „jólafatalínu Coolbet“. Var sá varningur merktur Coolbet ásamt mynd af



## FJÖLMIÐLANEFND

Coolbet-ísbirninum. Á vefsíðunni var sérstaklega tekið fram að einungis 18 ára og eldri gætu óskað eftir umræddum varningi og farið fram á að gefin væri upp kennitala.

Í svörum Sýnar dags. 20. desember 2021 til Fjölmiðlanefndar varðandi ætluð viðskiptaboð fyrir Coolbet kom fram að aðeins væri um viðskiptaboð fyrir „fatalínu“ frá Coolbet að ræða eins og kæmi fram í hlaðvarpinu. Umrædd viðskiptaboð fjölluðu að engu leyti um veðmálastarfsemi. Væri í hvert sinn vísað til „fatalínu“ Coolbet og væri því um að ræða kynningu á fatnaði sem ekki bryti gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum og fjarkaupum fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi. Svipuð sjónarmið komu fram í svörum Sýnar til Fjölmiðlanefndar dags. 5. ágúst 2022.

Á vefsíðu Coolbet kemur fram að Coolbet sé „veðmálasíð[a] sem leitast við að vera sanngjörn, persónuleg og gagnsæ“.<sup>1</sup> Hjá Coolbet er m.a. hægt að veðja á ýmsar íþróttir, spila fjárhættuspil og póker. Vörumerkið er í eigu eistneska fyrirtækisins Stay Cool OÜ. Samkvæmt sömu vefsíðu hefur Coolbet starfsleyfi í Eistlandi, Svíþjóð og á Möltu, með aðalskrifstofu í Tallinn í Eistlandi. Coolbet hefur ekki starfsleyfi á Íslandi samkvæmt lögum um getraunir, lögum um happdrætti eða öðrum lögum.

Að mati Fjölmiðlanefndar var umfjöllun í hlaðvarpinu Þungavigtin um fatnað merktan Coolbet, í þeim þáttum sem nefndin athugaði, til þess fallin að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd veðmálasíðunnar Coolbet. Fjölmiðlanefnd getur ekki tekið undir þau sjónarmið Sýnar að með umræddum viðskiptaboðum frá Coolbet hafi einungis verið auglýstar „fatalínur“ Coolbet en ekki veðmálastarfsemi. Coolbet er þekkt vörumerki veðmálasíðu og geta t.d. gjafaleikir þar sem vinningshafar hljóta að gjöf varning úr „fatalínu“ Coolbet varla talist falla undir annað en viðskiptaboð fyrir vörumerkið og veðmálastarfsemi síðunnar. Er það vel þekkt að fyrirtæki og aðrir aðilar merki fatnað með vörumerki sínu og heiti í markaðslegum tilgangi. Jafnframt var umræðan í Þungavigtinni um vörumerkið Coolbet oft tengd við veðmál með því gefa gestum eða þáttastjórnendum hlaðvarpsins tækifæri til að vinna sér inn peysu merкта Coolbet úr ákveðinni „fatalínu“ með því að giska á úrslit knattspyrnuleiks. Var umfjöllun um „fatalínur“ frá Coolbet í hlaðvarpinu Þungavigtin ætlað að þjóna auglýsingamarkmiðum og vekja athygli á veðmálastarfsemi Coolbet.

---

<sup>1</sup> <https://www.coolbet.com/is/um-coolbet/coolbet>, skoðað 16. júní 2022.



## FJÖLMIÐLANEFND

### 4.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að viðskiptaboð fyrir vörutegundirnar Víking Lite, Víking Lite Jóla og Víking Lite Lime í hlaðvarpinu Þungavigtin teljist til viðskiptaboða fyrir áfengi og að með miðlun þeirra í þáttum hlaðvarpsins á tímabilinu 30. september 2021 til og með 4. janúar 2022 hafi Sýn sem fjölmiðlaveita þar með brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla sem bannar viðskiptaboð fyrir áfengi.

Jafnframt er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að umfjöllun um Coolbet í þáttum hlaðvarpsins Þungavigtin teljist til viðskiptaboða fyrir veðmálastarfsemi. Hafi Sýn með miðlun þeirra í þáttum hlaðvarpsins á tímabilinu 22. október 2021 til og með 4. janúar 2022 því einnig brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla sem bannar viðskiptaboð fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi.

Samkvæmt n-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur Fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur vegna brota á ákvæðum í VI. kafla laga um fjölmiðla, þar með talið 4. mgr. 37. gr. Með fjölmiðlaveitu er átt við einstakling eða lögaðila sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 15. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. másl. 5. mgr. 54. gr.

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu hefur Fjölmiðlanefnd ákveðið að leggja stjórnvaldssekt á Sýn í samræmi við n-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla. Telur Fjölmiðlanefnd hæfilegt að sektin nemi 1.000.000 kr. Við ákvörðun sektarfjárhæðar var tekið mið af því að Sýn hefur áður brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Jafnframt var litið til eðli brota Sýnar og atvika máls að öðru leyti.



FJÖLMIÐLANEFND

### V. Ákvörðunarorð

Sýn hf. braut gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með miðlun viðskiptaboða fyrir áfengi í hlaðvarpinu Þungavigtin á Vísi á tímabilinu 30. september 2021 til og með 4. janúar 2022.

Sýn hf. braut einnig gegn sama ákvæði með miðlun viðskiptaboða fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi í hlaðvarpinu Þungavigtin á Vísi á tímabilinu 22. október 2021 til og með 4. janúar 2022.

Sýn hf. greiði 1.000.000 kr. í stjórnvaldssekt.

Einar Hugi Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

Erla Skúladóttir

Róbert H. Haraldsson